

Lausar stöður á lögfræðisviði Byrs

Byr sparisjóður auglýsir eftir öflugum lögmanni til að byggja upp og leiða lögfræðisvið sjóðsins.

Meðal helstu verkefna eru:

- Samningar og skjalagerð
- Verkefni tengd fullnustueignum Byrs
- Samskipti við yfirvöld, eftirlitsaðila og viðskiptavinum sparisjóðsins
- Ýmis verkefni tengd lögfræðilegri lausn mála fyrir öll svið sjóðsins

Hæfniskröfur:

- Fullnaðarpróf í lögfræði
- Málflutningsréttindi
- Mikil reynsla af lögfræðistörfum
- Reynsla á sviði fjármunaréttar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Byr sparisjóður auglýsir eftir lögfræðingi til starfa á lögfræðisviði sjóðsins.

Meðal helstu verkefna eru:

- Samningar og skjalagerð
- Vinna með vanskilainnheimtu Byrs
- Ýmis verkefni tengd lögfræðilegri lausn mála fyrir öll svið sjóðsins

Hæfniskröfur:

- Próf í lögfræði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar um störfin veitir Herdís Pála mannauðsstjóri, í síma 575-4171 eða netfang herdispp@byr.is

Umsóknarfrestur er til 1. mars. Umsóknir óskast fylltar út á slóðinni http://www.byr.is/um_byr/mannaudur/storf_hja_byr



Capacent Ráðningar

ERTU STJÓRNANDI?



Ríkisútvarpið auglýsir lausar til umsóknar stöður dagskrárstjóra Sjónvarpsins og mannauðsstjóra.

MANNAUÐSSTJÓRI

Meginhlutverk mannauðsstjóra er að útfæra mannauðsmál og taka þátt í fjölbreyttu og krefjandi starfi innan RÚV. Hér er nýtt og áhugavert starf sem viðkomandi mun taka þátt í að móta og byggja upp. Mannauðsstjóri heyrir beint undir útvarpsstjóra.

Starfssvið

- Stefnumótun, ráðgjöf og gerð starfsmannaáætlana
- Mótun og umsjón með starfsmannasamtölum og eftirfylgni þeirra
- Yfirumsjón með fræðslu- og símenntunarmálum
- Starfsmannaval og móttaka nýliða
- Umsjón með starfsþróun
- Önnur verkefni sem tengjast starfsmannamálum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði mannauðsmála skilyrði
- Starfsreynsla á sviði mannauðsstjórnunar æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfileikar til að vinna sjálfstætt og í hóp
- Góð íslenskukunnátta og færni í að koma frá sér rituðu máli
- Sjálfstæði, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

DAGSKRÁRSTJÓRI SJÓNVARPSINS

Dagskrárstjóri heyrir undir útvarpsstjóra og starfar í umboði hans sem faglegur og rekstrarlegur yfirmaður dagskrár Sjónvarpsins. Í boði er mjög áhugavert og krefjandi starf sem tekur til eigin framleiðslu og útheimtir mikil samskipti við innlenda og erlenda framleiðendur. Bæði innlend og erlend dagskrá fellur undir starfssvið dagskrárstjóra.

Helstu verkefni dagskrárstjóra eru

- Markmiðssetning, mótun og framkvæmd dagskrárstefnu Sjónvarpsins
- Umsjón með innkaupum á innlendu og erlendu efni auk samningagerðar
- Ákvarðanir um innlenda dagskrárgerð og aðkeypta þjónustu
- Hugmyndavinna, undirbúningur og umsjón með framleiðslu á innlendu efni
- Faglegt eftirlit og gæðamat
- Gerð fjárhags- og rekstraráætlana og daglegur rekstur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla á ofangreindum sviðum
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Þekking og/eða starfsreynsla af framleiðslu og samningagerð
- Skipulags- og samstarfshæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 7. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í störfunum.

Rekstrarstjóri verslana

565689

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða rekstrarstjóra til að hafa umsjón með verslunum fyrirtækisins. Í starfinu felast dagleg innkaup, samskipti við birgja og viðskiptavinum, framsetning á vörum og vörupróun ásamt fleiru. Rekstrarstjóri ber ábyrgð á daglegri starfsmannastjórnun verslananna.



Leitað er að einstaklingi með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, fúmkvæði, öguð vinnubrögð og ríka þjónustulund. Reynsla af verslunarstörfum og stjórnun starfsmanna er skilyrði ásamt góðri enskukunnáttu.

Skráning og upplýsingar á heimasíðu www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is



Varðstjóri í stjórnstöð Strætó bs.

565697

Strætó bs. óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustuver fyrirtækisins á Hesthálsi 14. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.



Í starfinu felst þjónusta við farþega, vagnstjóra og verktaka fyrirtækisins. Á innivöktum er mest unnið við síma og tölvu en einnig felst í starfinu minniháttar áætlunarakstur og þjónusta við vagnaflotann. Starfið er vaktavinna og er starfshlutfall 100%. Vaktaplanið nær yfir sjö vikur í senn og er unnið á morgun, - mið- og kvöldvöktum.



Leitað er að starfsmanni með stúdentspróf eða sambærilega menntun. Viðkomandi þarf að vera þjónustulundaður, hafa jákvætt viðmót og mikla færni í mannlegum samskiptum. Einnig þarf starfsmaðurinn að vera ákveðinn, ábyrgur og búa yfir hæfni til að vinna vel undir álagi. Ensukunnátta er nauðsynleg, önnur tungumálafærni er kostur. Mjög góð tölvuþekking er skilyrði sem og færni í íslensku og stafsetningu. Skilyrði er að viðkomandi hafi aukin ökuréttindi. Þekking á leiðakerfi Strætó er ákjósanleg en ekki skilyrði. Viðkomandi þarf að hefja störf í maí nk. Laun eru samkvæmt viðeigandi kjarasamningi opinberra starfsmanna. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að framvísa sakavottorði sem og ökuskilríkjum. Umsóknarfrestur er til og með 7. mars nk.

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk samlagsins er að sinna almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu starfa um 230 manns auk undirverktaka. Velta fyrirtækisins er um 3 milljarðar á ársgrundvelli. Fyrirtækið hefur jafnframt umsjón með ferðaþjónustu fatlaðra.

Skráning og upplýsingar eingöngu á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is



Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI



Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er áhættufjárfestir sem tekur virkan þátt í þróun og vexti atvinnulífsins með því að lána vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997. Sjá nánar: www.nsa.is

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins auglýsir stöðu framkvæmdastjóra sjóðsins lausa til umsóknar. Kaup og kjör viðkomandi eru skv. úrskurði Kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006.

Ábyrgðar- og starfssvið

- Yfirumsjón með rekstri sjóðsins
- Stefnumótun í samráði við stjórn
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Upplýsingargjöf til stjórnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Viðtæk stjórnunarreynsla úr fyrirtæki og þekking á íslensku atvinnulífi og rekstrarumhverfi
- Reynsla af samningagerð og fjárfestingarverkefnum
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tungumálakunnátta
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



Capacent Ráðningar

STARF Í EIRÍKSBUÐ



Landsvirkjun er leiðandi í raforkuvinnslu á Íslandi. Fyrirtækið hefur mikilvæga sérstöðu meðal raforkufyrirtækja í Evrópu þar sem það nýtir eingöngu endurnýjanlega orkugjafa. Fyrirtækið vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun.

Landsvirkjun óskar eftir að ráða starfsmann í mötuneyti sitt í Eiríksbúð við Búrfellsstöð. Um er að ræða afleysingu í eitt ár.

Starfssvið:

- Matseld og framreiðsla
- Innkaup
- Þrif í Eiríksbúð og öðrum starfsbúðum svæðisins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af matseld eða störfum í mötuneyti
- Góð almenn tölvufærni
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

Í boði er:

- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi

Umsjón með starfinu hafa Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



Capacent Ráðningar

VIÐSKIPTASTJÓRI



Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum heildarlausnir á sviði flutninga og flutningatengdrar þjónustu og veitir faglega ráðgjöf. Þekking, samheldni og frumkvæði starfsfólksins eru lykilþættir í árangri Samskipa. Vilt þú slást í hópinn?

Starfssvið

- Sala og kynning á þjónustu innflutningsdeildar
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Tilboðs- og samningagerð
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila
- Þátttaka í markmiða- og söluáætlunum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun æskileg
- Haldgóð reynsla af sölumennsku sem og reynsla af sölu til fyrirtækja
- Góð enskukunnátta skilyrði, kunnátta í Norðurlandamáli mikill kostur
- Góð upplýsingatæknikunnátta
- Hæfni til tengslamyndunar og geta til að koma fram

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



Capacent Ráðningar

SÉRFRÆÐINGUR Í LÍFEYRISSJÓÐAMÁLUM



Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð ríkisstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar – og váttryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sérfræðing á lífeyris- og verðbréfasjóðasvið. Leitað er að öflugum einstaklingi með góða greiningarhæfni. Í boði eru fjölbreytt verkefni og áhugavert starf.

Starfssvið

- Fjárhagslegt eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar
- Vettvangsathuganir og skýrslugerð því tengdu auk annarra sértækra athugana
- Tengiliður stofnunarinnar við eftirlitsaðila og umsjón með hæfismati þeirra
- Þátttaka í þróun og vinnu við rafræn skýrsluskil og úrvinnslukerfi
- Aðkoma að rannsóknum vegna lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi menntun, t.d. viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Viðeigandi starfsreynsla, t.d. af fjármálamarkaði
- Reynsla af lífeyrissjóðamálum æskileg
- Góð geiningarhæfni er mikill kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, nákvæmni, metnaður og góð samskiptahæfni

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Gunnar Haugen (gunnar.haugen@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



STARF VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK AUGLÝSIR EFTIR
DEILDARFULLTRÚA Í TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD



Starfið felst í upplýsingagjöf, þjónustu og samskiptum við nemendur og kennara tækni- og verkfræðideildar. Deildarfulltrúi tilheyrir skrifstofu tækni- og verkfræðideildar og ber ábyrgð á samskiptum við ákveðinn hóp nemenda og kennara, en starfar einnig náið með forstöðumanni grunnnáms og ýmsum stoðeildum innan HR.

Leitað er að einstaklingi með háskólapróf (BA eða BSc), mjög góða tölvukunnáttu, öguð og skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og hæfni til að forgangsraða, góða færni í íslensku og ensku og brennandi áhuga á að stuðla að enn betra námi í tækni- og verkfræðigreinum innan HR.

Umsóknir skulu sendar á netfangið **appl@ru.is** fyrir 3. mars og skulu innihalda kynningarbréf, starfsferilskrá, mynd og upplýsingar um umsagnaraðila. Nánari upplýsingar veita Sigrún Þorgeirsdóttir skrifstofustjóri (sigrunth@ru.is) og Ásta Bjarnadóttir framkvæmdastjóri mannauðs- og gæðasviðs (asta@ru.is).

www.hr.is

Arion banki leitar að öflugum einstaklingum

til starfa í Hugbúnaðardeild á Upplýsinga- og tæknisviði bankans. Við leggjum áherslu á að ráða starfsfólk sem getur unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði í starfi, hefur góða íslensku- og enskukunnáttu, framúrskarandi samskiptahæfileika og á auðvelt með að vinna í hóp. Starfsmenn á Upplýsinga- og tæknisviði vinna aðallega í umhverfi Microsoft (TFS og Visual Studio) og nota SCRUM/Agile verkferla í verkefnum sínum.

Sérfræðingur/arkitekt - Business Intelligence

Starfssvið

- Hönnun vöruhús gagna
- Þróun og nýsmíði á vöruhús gagna og Datamart
- ETL sérfræðivinna
- Prófanir og gagnaheilindi í vöruhúsi gagna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Lágmark 5 ára reynsla af þróun og/eða prófun hugbúnaðar æskileg
- Mjög góð þekking og reynsla á SSIS, SSRS, SQL
- Þekking á einhverju af eftirfarandi er kostur: Business Objects Data Integrator og MQ Series

Sérfræðingur - Netbankalausnir

Starfssvið

- Forritun í tengslum við netbanka Arion banka
- Þróun og hönnun á hugbúnaði
- Aðlögun og samþætting kerfa

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Lágmark 5 ára reynsla af þróun og/eða prófun hugbúnaðar æskileg
- Mjög góð þekking á JavaScript (jQuery), CSS2, XHTML og Photoshop nauðsynleg
- Þekking SQL, .NET, WCF, C# og vefhönnun

Hugbúnaðarsérfræðingur/arkitekt

Starfssvið

- Hönnun hugbúnaðarlausna
- Forritun í Microsoft umhverfi
- Þróun og nýsmíði hugbúnaðar
- Aðlögun og samþætting kerfa

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Lágmark 5 ára reynsla af þróun og/eða prófun hugbúnaðar æskileg
- Mjög góð þekking á .NET umhverfi, MS SQL og C# er nauðsynleg
- Þekking á einhverju af eftirfarandi forritunarmálum er kostur : ASP, BizTalk, WCF, MQ Series og InfoPath



Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki er framsækinn banki sem veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðs- viðskipta.

Hjá bankanum starfa um 950 manns á 29 starfsstöðvum um land allt. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavini okkar í fyrsta sæti.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Per Christian Christensen**, forstöðumaður Hugbúnaðardeildar, s. 444 7212, netfang **per.c.christensen@arionbanki.is** og **Íris Guðrún Ragnarsdóttir** á Starfsmannasviði, s. 444 6377, netfang **iris.ragnarsdottir@arionbanki.is**.

Umsóknarfrestur er til og með 2. mars.

Umsækjendur sækja um starfið á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is

 Arion banki



Tæknistjóri flugvélaverkstæðis

Staða tæknistjóra Flugvélaverkstæðis Reykjavíkur, EASA Part 145 verkstæðis, er laus til umsóknar.

Um er að ræða starf sem felur í sér umsýslu og daglegan rekstur verkstæðis á sviði tæknilegra framkvæmda og viðhaldi loftfara, samskipti við flugmálafyrirvöld ásamt úttektum, umsýslu gagna, viðhald handbóka og starfsmannahald.

Viðkomandi þarf að hafa góða reynslu í flugvirkjun og geta starfað sjálfstætt á því sviði.

Lágmarks kröfur eru: EASA Part 66 skírteini í gildi, 5 ára reynsla á sviði flugvirkjunar, þekking á viðhaldsáætlunum og reglugerðum.

Reynsla á sviði tæknistjórnunar æskileg. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Vinsamlega sendið umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu á fvr@fvr.is fyrir 26. febrúar 2010.

Prentari óskast

Óskum eftir að ráða prentara til starfa á Heidelberg Speedmaster 74 4 lita prentvél. Umsækjendur þurfa að hafa góða reynslu og fagkunnáttu á prentverki. Vinnutíminn er frá 8 - 16 og þarf viðkomandi að geta unnið yfirvinnu þegar með þarf.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf á tímabilinu 1. maí til 1. júní.

Umsóknir sendist á: georg@prent.is eða í pósti. Öllum fyrirspurnum verður svarað.

Vinnustaðurinn er reyklaus.

Litla prent

Skemmuvegi 4 • 200 Kópavogi • Sími 540 1800
Fax 540 1801 • Netfang: litla@prent.is • www.prent.is



SUMARIÐ ER TÍMINN

Matreiðslumenn

Óskum eftir að ráða matreiðslumenn til sumarstarfa á Edduhótelin.

Í störfunum felst m.a. yfirumsjón með eldhúsi, innkaupum og meðferð matvæla.

Umsóknir um störfin sendist á netfangið tryggvi@icehotels.is fyrir 1. mars nk.

www.hoteledda.is

Edduhótelin eru opin yfir sumartímann, frá byrjun júní til loka ágúst. Edduhótelin eru 13 talsins, og þau er að finna hringinn í kringum landið. Áhersla er lögð á lipra þjónustu og hagstætt verð. Fjöldi herbergja er frá 28 upp í 204. Edduhótelin eru rekin af Flugleiðahótelum ehf. sem reka einnig Ícelandair hótelin og Hilton Reykjavík Nordica. Yfir sumartímann starfa 500 manns hjá fyrirtækinu.

Laus störf hjá Arion banka

Áhættustýring

Vegna aukinna umsvifa og áherslubreytinga hjá Arion banka viljum við bæta við öflugum starfsmönnum í eftirfarandi störf:

Eignasafnsáhætta

Helstu verkefni sviðsins eru:

- Greining á kerfisbundnum áhættum bankans.
- Þróun og viðhald láns hæfismatslíkana.
- Eftirlit og greining lausafjánhættu.
- Greiningarvinna á eignastýringarsviði bankans.
- Ýmis verkefni tengd útlána- og markaðsáhættu.

Hæfni og þekking:

- Masters- eða doktorspróf í hagfræði, verkfræði eða raunvísindum.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sterkur bakgrunnur í stærðfræði og tölfraði.
- Afbragðs tölvukunnátta og forritunarþekking.

Nánari upplýsingar veitir **Eiríkur Dór Jónsson**, forstöðumaður Eignasafnsáhættu, s: 444 7171, netfang: **eirikur.jonsson@arionbanki.is**.

Eiginfjárgreining

Helstu verkefni viðkomandi eru:

- Mótun aðferða og umsjón með útreikningum á innra mati á eiginfjárbörf.
- Innleiðing og eftirlit með áhættumælikvörðum tengdum áhættustefnu bankans.
- Skýrslugerð til stjórnenda og áhættunefndar bankans.
- Almenn verkefni tengd eiginfjárgreiningu og áhættustýringu.

Hæfni og þekking:

- Háskólamenntun í verkfræði, hagfræði, tölvunarfræði eða viðskiptafræði.
- Reynsla af greiningarvinnu og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.
- Reynsla af gagnagrunnsnotkun og forritun.
- Framúrskarandi mannleg samskipti og hæfni til að vinna í hóp.
- Frumkvæði í starfi og hæfni til að vinna sjálfstætt.

Nánari upplýsingar veitir **Sigurbjörg Ólafsdóttir**, forstöðumaður Eiginfjárgreiningar, s: 444 7155, netfang: **sigurbjorg.olafsdottir@arionbanki.is**.

Lánastjóri áhættustýringar

Leitað er að öflugum einstaklingi með yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af lánamálum til að sitja fyrir hönd áhættustýringar á fundum lánanefndar bankans. Um er að ræða áhugavert og ábyrgðarmikið starf í þungamiðju bankans.

Helstu verkefni viðkomandi eru:

- Þátttaka í þróun á útlánareglum bankans og eftirlit með að lögum og reglum sé fylgt í hvívetna.
- Greina lánsúmsóknir til lánanefndar bankans og mynda sjálfstæða skoðun á áhættuþáttum lánveitingar.
- Sitja fundi lánanefndar bankans og koma athugasemdum og ábendingum áhættustýringar á framfæri við lánanefndina og lánanefnd stjórnar.
- Fylgjast með gæðum láns hæfismats og láns hæfismatslíkana.
- Hafa reglubundið eftirlit með stærstu áhættuskuldbindingum bankans.

Hæfni og þekking:

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, lögfræði, verkfræði eða raunvísindum.
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af lánamálum.
- Haldgóð þekking á rekstri og uppgjörum fyrirtækja er æskileg.
- Mikið frumkvæði, sjálfstæði, staðfesta og sjálfsöryggi.
- Afbragðs enskukunnátta – lesin, skrifuð og töluð.

Nánari upplýsingar veitir **Gísli Óttarsson**, framkvæmdastjóri Áhættustýringar, s: 444 7189 / 856 7189, netfang: **gisli.ottarsson@arionbanki.is**.

Fjármálasvið - stjórnandi

Við leitum að öflugum starfsmanni í stjórnunarstarf á Fjármálasviði Arion banka.

Helstu verkefni eru

- Ábyrgð á uppgjöri samstæðu Arion banka hf., skipulag uppgjörs og ferlum því tengdu.
- Gerð skýringa, greininga og skýrslugjafar til stjórnenda bankans.
- Skýrslugerð til opinberra aðila í samráði við Hagdeild bankans.
- Gerð gagna fyrir endurskoðendur og samstarf við þá.
- Starfsmaður er staðgengill framkvæmdastjóra Fjármálasviðs.

Hæfni og þekking

- Óskað er eftir að ráða löggiltan endurskoðanda eða aðila með sambærilega menntun og mikla uppgjörsreynslu.
- Stjórnunarreynsla og skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Eggert Teitsson**, framkvæmdastjóri Fjármálasviðs, sími 444 6215, netfang: **eggert.teitsson@arionbanki.is**.

Fyrirtækjaráðgjöf - lögfræðingur

Reyndur lögfræðingur óskast í áhugaverð verkefni í Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka.

Helstu verkefni:

- Lögfræðileg ráðgjöf varðandi samruna, yfirtökur og kauphallarskráningar.
- Samningagerð.

Hæfni og þekking

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- A.m.k. tveggja ára starfsreynsla.
- Reynsla af fyrirtækjaverkefnum æskileg.
- Góð þekking á sviði félagaréttar og verðbréfamarkaðsréttar.
- Góð hæfni í ritaðri íslensku og ensku.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar veitir **Arnar Ragnarsson**, forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar, sími 444 6802, netfang: **arnar.ragnarsson@arionbanki.is**.

Innheimtudeild á Lögfræðisviði

Við óskum eftir að ráða starfsmann til starfa í Innheimtudeild á Lögfræðisviði Arion banka hf.

Helstu verkefni

- Lögfræðileg innheimta.
- Samskipti innan bankans og við opinbera aðila.
- Afstemmingar og útreikningar.
- Ýmis störf í Innheimtudeild.

Hæfni og þekking

- Reynsla og þekking á lögfræðinniheimtu.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð tölvukunnátta, þekking á Innheimtukerfi lögmanna æskileg.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar veitir **Jónas Hvannberg** á Starfsmannasviði, sími 444 6376, netfang: **jonas.hvannberg@arionbanki.is**.



Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki er framsækinn banki sem veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðs- viðskipta.

Hjá bankanum starfa um 950 manns á 29 starfsstöðvum um land allt. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavinum okkar í fyrsta sæti.

Umsækjendur saki um á vefsíðum bankans www.arionbanki.is.

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur fyrir ofangreind störf er til og með 2. mars.



Við leitum að prófdómara til að annast framkvæmd ökuþrófa á Suðurnesjum

Starfið

Starfið felst í prófdæmingu skriflegra og verklegra ökuþrófa í öllum flokkum ökutækja á Suðurnesjum. Í boði er starf hjá traustu og rótgrónu fyrirtæki, góður starfsandi, starfsaðstaða og öflugt starfsmannafélag.

Hæfniskröfur

Æskilegt er að umsækjandi hafi ökukennararéttindi eða minnst tveggja ára nám í framhaldsskóla á sviði kennslu- og uppeldisfræða. Æskilegt er að viðkomandi hafi aukin ökuréttindi og góða þekkingu á umferðarmálum. Hæfni í mannlegum samskiptum skilyrði.

Umsóknir

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Frumherja hf fyrir 28. febrúar n.k., eða sendið umsókn merкта starfsmannastjóra. Nánari upplýsingar veitir Svanberg Sigurgeirsson sviðstjóri s: 570 9131. Öllum umsóknum verður svarað og meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Frumherji hf. var stofnað árið 1997 og er starfsemi fyrirtækisins í alhliða þjónustu á sviði ýmiskonar skoðana og prófana ásamt annarri starfsemi. Fyrirtækið starfar nú á sjö mismunandi sviðum á um 30 stöðum á landinu og er stærsti hluti starfsemi fyrirtækisins rekin samkvæmt faggiltum evrópskum gæðastöðlum.

Frumherji hf - Hesthálsi 6-8 110 Reykjavík www.frumherji.is



Yfirproskapjálfi

Óskað er eftir yfirproskapjálfa í 100 % stöðu að sambýlinu Trönuhólum 1.

Á samýlinu búa 5 einstaklingar með einhverfu, á aldrinum 19 til 40 ára. **Staðan veitist frá 1. apríl eða eftir samkomulagi.** Nú er bæði um íbúðasambýli og herbergjasambýli að ræða í Trönuhólum 1. Stefnan er að öllum íbúum standi til boða íbúðir. Þess vegna er mikil, krefjandi og skemmtileg vinna framundan. Nýr yfirproskapjálfi mun hafa yfirmsjón með skipulagningu á innra starfi staðarins.

Helstu verkefni

- Símtótn og uppbygging á innra skipulagi sambýlisins
- Staðgengill og aðstoðarmaður forstöðumanns
- Ábyrgð á innra skipulagi heimilisins í samráði við forstöðumann

Hæfniskröfur

- Proskapjálfaþenningun
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- Þekking og reynsla af vinnu með einhverfum
- Hæfni til að vinna undir álagi
- Þekking í skipulögðum og samræmdum vinnubrögðum

Nánari upplýsingar gefa Friðrik Atlason í síma 557-9760/867-4738, netfang: fridrik@ssr.is, og Ingbjörg Elín í síma 577-9760, netfang: ingbjorge@ssr.is

Launakjör eru samkvæmt samningum ríkisins og Þ.Í. Unnt er að sækja um á www.ssr.is
Umsóknarfrestur er til og með 7. mars 2010.

Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun

Rio Tinto Alcan
ISAL-STRÁUMSVÍK



Sumarstörf í Straumsvík

Umsóknarfrestur til mánudagsins 1. mars

Viltu starfa á fjölbreyttum vinnustað og tilheyra skemmtilegum hópi starfsmanna í sumar? Við hvetjum þig til að sækja um hjá okkur. Við ætlum að ráða ábyrga einstaklinga til ýmissa starfa á tímabilinu 15. maí til 1. september, eða eftir samkomulagi.

Við leitum að duglegu og traustu fólki og leggjum áherslu á samvinnu og hæfni í mannlegum samskiptum. Allt nýtt starfsfólk fær markvissa þjálfun í upphafi starfstíma, hvort sem það ræðst til starfa í kerskálum, steypuskála, mótuneyti, verkstæðum eða annars staðar.

Umsækjendurnir þurfa að vera orðnir 18 ára eða verða það á árinu. Margir sumarstarfsmenn munu vinna á þrískiptum 8 klst. vöktum þar sem unnar eru 6 vaktir á 5 dögum með 5 daga vaktafrii á milli. Einnig verður ráðið sumarstarfsfólk sem mun vinna eftir öðru fyrirkomulagi.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um á heimasíðu okkar www.riotintoalcan.is.

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is



Forstöðumaður Bókasafns Árborgar

Selfossi, Stokkseyri, Eyrarbakka

Fjölskyldumiðstöð Sveitarfélagsins Árborgar auglýsir stöðu forstöðumanns Bókasafns Árborgar lausa til umsóknar. Bókasafn Árborgar er staðsett á Selfossi og safnaútibú eru á Stokkseyri og Eyrarbakka. Á safninu á Selfossi er upplýsingamiðstöð yfir sumartímann.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Stjórn og ábyrgð á daglegum rekstri, starfi og fjármálum safnsins
- Stjórn og ábyrgð á starfsmannamálum safnsins
- Vinna við gerð fjárhagsáætlunar í samvinnu við næsta yfirmann
- Þátttaka í stefnumótun og samvinna við stofnanir á sviðinu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærilegt nám
- Reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Þekking á tölvum og upplýsingaveitum tengdum bókasöfnum æskileg
- Sjálfstæði í starfi, frumkvæði og skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Laun eru samkvæmt samningi Launaneðndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til Andrésar Sigurvínssonar, verkefnisstjóra, Fjölskyldumiðstöð Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfossi, merkt forstöðumaður Bókasafns Árborgar, eigi síðar en 8. mars nk. eða með tölvupósti andres@arborg.is

Karlar eru hvattir til að sækja um starfið jafnt sem konur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét I. Ágseirsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Árborgar, netfang maras@arborg.is eða í síma 480 1980 og/eða Andrés Sigurvínsson, verkefnisstjóri íþróttar-, forvarna- og menningarmála, netfang andres@arborg.is, eða í síma 480-1900.

Fjölskyldumiðstöð Árborgar veitir íbúum sveitarfélagsins þjónustu á sviði félags-, fræðslu-, íþróttar-, forvarna- og menningarmála með það að markmiði að efla velferðarþjónustu sveitarfélagsins og skapa fjölskylduvænt samfélag. Umsækjendum er bent á að kynna sér heimasíðu sveitarfélagsins, <http://www.arborg.is>, þar sem finna má margvíslegar upplýsingar um þjónustu og stefnu sveitarfélagsins í málaflokkum sem tengjast fjölskyldunni með einum eða öðrum hætti. Á heimasíðunni er einnig að finna upplýsingar um fjölbreytta starfsemi Bókasafns Árborgar, s.s., barnastarf og bókasöfnin á Eyrarbakka og Stokkseyri.

www.vinna.is

Lögfræðingur

Sjóvá óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa á tjónasviði félagsins.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem á auðvelt með að starfa sjálfstætt og takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni.

Starfssvið:

- Ákvörðun bótaskyldu og uppgjör skaðabótamála vegna líkamstjóna
- Umsagnir til málskotsnefndar ásamt ráðgjöf og samskiptum við starfsmenn, viðskiptavini og lögmenn
- Miðlun upplýsinga til starfsmanna og viðskiptavina ásamt tilfallandi verkefnum

Hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- Þekking og áhugi á váttrygginga- og skaðabótarétti
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð ásamt hæfileikum til upplýsingamiðlunar
- Hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að sýna frumkvæði og kraft í starfi
- Mjög gott vald á rituðu máli

Nánari upplýsingar veitir Guðrún I. Guðlaugsdóttir, fræðslustjóri, í síma 440 2327. Umsókn skal fylla út á www.sjova.is, merkt „Lögfræðingur“ fyrir 1. mars 2010.

Sjóvá er leiðandi félag sem leggur metnað sinn í að tryggja verðmætin í lífi fólks. Boðið er upp á gott starfsumhverfi fyrir hæft starfsfólk, ásamt tækifæri fyrir hvern og einn til að eflast og þróast í starfi.

SJÓVÁ

SJÓVÁ | KRINGLUNNI 5 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 440 2000 | FAX 440 2020 | SJOVA.IS | SJOVA@SJOVA.IS

www.vinna.is



Nýtt framsækið opinbert hlutafélag hefur verið stofnað og mun taka yfir hlutverk Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Tilgangur sameiningarinnar er að efla og bæta þjónustu við flugfarþega, flugrekendur og aðra samstarfsaðila, innlenda og erlenda. Lögð verður áhersla á að samhæfa alla starfsemi sem heyrir undir sameinað félag. Hjá sameinuðu félagi munu starfa tæplega 700 manns. Nýja félagið, sem hlotið hefur vinnuheimilið Flug-Kef ohf., er stofnað samkvæmt heimild í lögum nr. 153/2009.



Hlutverk Flugstoða nú er að annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla og lendingarstaða á Íslandi, annarra en Keflavíkur-flugvallar auk þess að annast alla flugleiðsöguþjónustu sem Ísland veitir fyrir alþjóðlegt flug og innanlandsflug. Einnig að fara með réttindi og annast skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktum, alþjóðasamningum eða samningum við önnur ríki þ.m.t. vegna Alþjóðaflugþjónustunnar. Nánari upplýsingar: www.flugstodir.is



Keflavíkurflugvöllur ohf. tók við rekstri Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar 1. janúar 2009 en félagið var stofnað til að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvallarins og flugstöðvarinnar. Félagið annast einnig flugleiðsöguþjónustu og þjónustu við flugrekendur, rekstur verslana með tollfrjálsar vörur og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar auk þess að sjá um hagnýtingu flugvallarins í þágu öryggis- og varnarmála og að stuðla að samvinnu við aðra aðila um aukna nýtingu flugvallarsvæðisins. Nánari upplýsingar: www.keflavikurflugvollur.is

Forstjóri

Sameinað félag Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. óskar eftir að ráða forstjóra til starfa. Forstjóri mun hafa með höndum yfirstjórn sameinaðs félags og fara með daglega stjórn fyrirtækisins í umboði stjórnar og í samræmi við samþykktu stefnu. Forstjóri fer með yfirstjórn flugleiðsöguþjónustu, flugvallareksturs, tæknimála og stoðstarfsemi og ber ábyrgð á frekari viðskiptaþróun félagsins í samvinnu við framkvæmdastjóra sviða.

Upplýsingar veitir

Þórir Þorvarðarson hjá Hagvangi í síma 520 4700 eða tölvupósti, thorir@hagvangur.is.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknir og fylgigögn sendist á thorir@hagvangur.is eða á skrifstofu Hagvangs merkt: „Forstjóri Flug-Kef“.

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Forstjóri mun m.a. bera ábyrgð á uppbyggingu og stefnumótun hins nýja fyrirtækis í samráði við stjórn þess.
- Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi félagsins og dótturfélaga þess og að gerðar séu áætlanir um rekstur fyrirtækisins og framkvæmdir innan þess. Hann ber ábyrgð á að rekstrarfyrirmælum Flugmálastjórnar Íslands sé framfylgt og að lögum, reglugerðum og öðrum ytri kröfum í starfsemi fyrirtækisins sé fylgt.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Gerð er krafa um háskólapróf í verkfræði, viðskiptum eða lögfræði eða sambærilegum greinum sem nýtast í starfi. Framhaldsmenntun í viðkomandi greinum er æskileg.
- Gerð er krafa um víðtæka reynslu af stjórnun verkefna og starfsmanna.
- Viðkomandi þarf að hafa mjög gott vald á íslenskri og enskri tungu.
- Reynsla af rekstri fyrirtækja og/eða stofnana er nauðsynleg.
- Reynsla af sameiningu fyrirtækja og rekstrareininga er kostur.
- Reynsla og þekking á flugtengdri starfsemi er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum er mjög mikilvæg.

Leitað er eftir kraftmiklum stjórnanda með víðtæka stjórnunarreynslu og framúrskarandi samskiptahæfileika. Hann þarf að hafa mikinn framkvæmdavilja og metnað fyrir hönd fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700 www.hagvangur.is



Fosshotel vinalegri um allt land

REYKJAVÍK:

Fosshotel Barón
Fosshotel Lind
Fosshotel Suðurgata
Garður Inn gistiheimili

VESTURLAND:

Fosshotel Reykholt

NORÐURLAND:

Fosshotel Dalvík
Fosshotel Laugar
Fosshotel Húsavík

AUSTURLAND:

Fosshotel Vatnajökull
Fosshotel Skaftafell

SUÐURLAND:

Fosshotel Mosfell

ALLT KLÁRT
FYRIR ÞÍNA
HEIMSÓKN!

Sumarstörf á Fosshotelum

Fosshotel auglýsir eftir umsóknum í sumarstörf á eftirtöldum hótélum: Baron, Suðurgötu & Garði (Reykjavík), Reykholti (Borgarfirði), Dalvík, Húsavík, Laugum (S-Þing.), Vatnajökli (Höfn) og Mosfelli (Hellu).

Almenn störf (herbergjapríf, þvottahús og aðstoð í eldhúsi)

Hæfniskröfur:

- Þjónustulund og umhyggjusemi
- Gestrisni og sveigjanleiki
- Áhugi og dugnaður
- 18 ára lágmarksaldur

Þjónar í veitingasal

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í framreiðslu eða sambærileg menntun æskileg
- Reynsla nauðsynleg
- Samskiptahæfileikar á 2 tungumálum
- Þjónustulund og gestrisni
- Tölvu-, bókalds- og skipulagsfærni
- 20 ára lágmarksaldur

Gestamóttaka

Hæfniskröfur:

- Þekking á Navision hótélbókunarkerfi nauðsynleg
- Reynsla af svipuðu starfi æskileg
- Menntun sem nýtist í starfi
- Samskiptahæfileikar á að minnsta kosti 2 tungumálum
- Þjónustulund og gestrisni
- Tölvu-, bókalds- og skipulagsfærni
- 20 ára lágmarksaldur fyrir dagvakt en 22 ára fyrir næturvakt

Matreiðsla

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í matreiðslu eða sambærileg menntun
- Reynsla af svipuðu starfi nauðsynleg
- Skipulags- og samskiptahæfileikar
- Reynsla af innkaupum nauðsynleg

Nánari upplýsingar um störf á hótélum veita hótélstjórar:

Fosshotel Skaftafell: Erna Dís Ingólfsdóttir, ernadis@fosshotel.is

Fosshotel Baron: Eva Rós Baldursdóttir, eva@fosshotel.is

Fosshotel Reykholt: Haukur Haraldsson, haukur@fosshotel.is

Fosshotel Dalvík: Freygerður Snorrardóttir, freyja@fosshotel.is

Fosshotel Húsavík: Jóna Árný Sigurðardóttir, jona@fosshotel.is

Önnur hótél: Kári Hlíðar Józefsson, kari@fosshotel.is

FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND


FOSSHÓTEL / SIGTÚN 38 / 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 562 4000 / FAX: 562 4001
E-MAIL: sales@fosshotel.is

EXPO • www.expo.is

Reynslumiklir sölumenn óskast til að selja skemmtilega vöru

Stöð 2 óskar eftir vönu og reynslumiklu fólki, 25 ára og eldri. Um er að ræða framtíðarstarf á skemmtilegum og lifandi vinnustað með góðum tekjumöguleikum fyrir rétta aðila. Unnið er á vöktum frá 14.00 – 22.00 eða 17.00 – 22.00. Eingöngu aðilar með reynslu í símasölu eða almennri sölumennsku koma til greina.

Áhugasamir vinsamlegast sækja um á www.365.is. Störf hjá 365, merkt áskriftarsala.
Nánari upplýsingar veitir María Dungal í síma 5125110.



365

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3800 manns í fimm heimsálfum, þar af um 350 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

Við leitum að konum og körlum, hug- og verkviti

Við leitum að öflugum og traustum samstarfsfélögum með mikinn áhuga á sínu fagsviði og góða færni í samskiptum.

Rafvirkja

vantar í framleiðslu til að sinna fjölbreytilegum og krefjandi verkefnum við frágang rafbúnaðar fyrir fjölbreytt úrval framleiðsluvara Marel í samvinnu við hönnuði. Um er að ræða lagnavinnu en rafvirkjar sjá einnig um stillingu og prófun tækja og búnaðar. Rafvirkjar vinna í litlum, sjálfstæðum liðum sem bera sameiginlega ábyrgð á að ljúka framleiðslu hvernar vöru. Vinnuumhverfi er snyrtilegt og öryggi í fyrirrúmi.

Menntun og reynsla:

- sveins- eða meistaraþróf í rafvirkjun
- reynsla af lagnavinnu er kostur
- verklagni og verkvit

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Pálsson, framleiðslustjóri, bjorn.palsson@marel.com, í síma 563 8000.

Málmiðnaðarmann

vantar í framleiðslu til að vinna við fjölbreytileg verkefni í smíði úr ryðfríu stáli, samsetningu, stillingu, prófun og frágang tækja og búnaðar í samvinnu við hönnuði. Helst er um að ræða TIG suðu og eru gerðar miklar kröfur um að unnið sé samkvæmt gæðastöðlum Marel. Suðumenn vinna í litlum, sjálfstæðum liðum sem bera sameiginlega ábyrgð á að ljúka framleiðslu hvernar vöru. Vinnuumhverfi er snyrtilegt og öryggi í fyrirrúmi.

Menntun og reynsla:

- málmiðnaðarþróf eða mikil reynsla af suðu í ryðfríu stáli
- færni í að lesa teikningar er kostur
- verklagni og verkvit

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Pálsson, framleiðslustjóri, bjorn.palsson@marel.com í síma 563 8000.

Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar nk. Vinsamlega sækið um störfín á heimasíðu Marel, www.marel.com/jobs

Mannauðssérfræðing

vantar á Mannauðssvið. Viðkomandi mun einnig taka virkan þátt í alþjóðlegu teymi mannauðssérfræðinga Marel. Fyrst í stað er einnig um að ræða tímabundna afleysingu á sviði ráðninga, móttöku nýliða og þjálfunar. Við leitum að talnaglöggum einstaklingi með góða greiningarfærni sem á auðvelt með að miðla upplýsingum. Krafist er mjög góðrar enskukunnáttu og möguleika á að ferðast erlendis.

Í starfinu felst þróun og utanumhald:

- frammistöðustjórnunar
- launaþróunar- og hvatamála
- mannauðsmælikvarða og tengingar þeirra við rekstraráherslur
- kannana; úrvinnsla, greining og framsetning mannauðstengdra gagna

Menntun og reynsla:

- háskólamenntun sem nýtist í starfi
- reynsla af stjórnun starfsmannamála, s.s. frammistöðu-, hvata- og launastjórnunar
- þekking á vinnurétti, ráðninga- og kjarasamningum
- þekking á mannauðsmælikvörðum -og upplýsingakerfum
- reynsla af gerð kannana og tengdri úrvinnslu
- innsýn og/eða reynsla af rekstri er mikill kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ylfa E. Jakobsdóttir, starfsþróunarstjóri, ylfa.jakobsdottir@marel.com, í síma 563 8000.

Sérfræðing í tækjahugbúnaðargerð

vantar á Tækjahugbúnaðarsvið til að vinna við þróun hugbúnaðar fyrir grunnvélbúnað, stýritölvur og samskiptabúnað. Starfið krefst færni í hugbúnaðargerð undir rauntíma Linux stýrikerfi þar sem m.a. er fengist við myndgreiningarkerfi, servobúnað, mælibúnað og rauntímasamskipti. Einnig vefforritun, skriptu-mál, þróun og umsjón með Linux dreifingu fyrir mismunandi örgjörva. Áhugasömum gefst kostur á að vinna með hópi sérfræðinga í teymi sem ber ábyrgð á og byggir upp þann tækjahugbúnað og stýrikerfi sem Marel notar um heim allan.

Menntun og reynsla:

- menntun á sviði verk-, tækni- eða tölvunarfræði
- reynsla af forritun, s.s. C/C++
- innsýn í stýriforritun
- skilningur á samspili vélbúnaðar og hugbúnaðar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Þór Ólafsson, vörustjóri, jon.olafsson@marel.com, í síma 563 8000.

ARKITEKT

óskum eftir að ráða arkitekt til starfa

Leitum að jákvæðum og duglegum einstaklingi til að verða hluti af öfluglu hönnunarteymi. Starfsreynsla, áræðni og gott vald á íslensku metum við sem kosti. Áhugasamir eru hvattir til að senda inn umsóknir á pk@pk.is Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

PK ARKITEKTAR inna af hendi alla almenna arkitektþjónustu, hönnun nýbygginga og innréttinga ásamt skipulagi byggða. Við leggjum áherslu á frumleika, metnaðarfulla hönnun og fagaðar útfærslur í stóru sem smáu. Úrval verka má sjá á www.pk.is

Bakari til Noregs

Baker Hjørnet, auglýsir eftir bakara í Sandnes á Vesturströnd Noregs. Þarf að geta unnið sjálfstætt, baka bæði brauð og kökur.

www.bakerhjørnet.no
Nánari upplýsingar í síma: +47 97 97 80 55 Ólafur

Auglýsingasími

512 54 01



Allt sem þú þarft...

Sölumaður óskast.

Leitað er að starfskrafti sem stendur undir einkunnarorðum fyrirtækisins: Heiðarleiki, fagmennska og góð þjónusta. Umsókn, ásamt mynd sendist á netfang: asgeir@prentunogpökkun.is

Starfsmaður óskast í framleiðsludeild.

Leitað er að starfskrafti sem stendur undir einkunnarorðum fyrirtækisins: Heiðarleiki, fagmennska og góð þjónusta. Umsókn, ásamt mynd sendist á netfang: asgeir@prentunogpökkun.is

PRENTUN & PÖKKUN

Nýbýlavegi 26-28 | 200 Kópavogi | Sími 568 8838 | www.prentunogpökkun.is



Veislan veisluþjónusta óskar eftir:
Starfsmann í smurbrauðsdeild 100% starf,
íslensku kunnáttu nauðsynleg
Þjónum í aukavinnu
Uppvaskara um helgar

Nánari upplýsingar um störfín eru veittar í Veislunni á Austurströnd 12, Seltjarnarnesi, eða í síma 561-2031, einnig er hægt að senda tölvupóst á arny@veislan.is

Mat á stuðningsþörf fatlaðra

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, í samvinnu við félags- og tryggingamálaráðuneytið óskar eftir að ráða 4–6 starfsmenn til að meta stuðningsþörf fatlaðra. Um er að ræða tímabundið starf í 6–8 mánuði sem svarar til a.m.k. hálfis starfs.

Í starfinu felst að afla upplýsinga á skipulagðan hátt með viðtölum við fatlað fólk frá 18 ára aldri, aðstandendur þeirra og þá aðila sem veita þeim þjónustu. Þetta verkefni er hluti af viðamiklu rannsóknarverkefni sem byggist á samstarfi félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og Háskóla Íslands. Niðurstöðurnar munu meðal annars nýttast við yfirferlu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og til að vinna að því að auka gæði þjónustu og lífsgæði fatlaðs fólks á Íslandi.

Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi á sviði sem nýtist við mat á stuðningsþörf fatlaðra, þekkingu og reynslu af viðtölum og góða samskiptahæfni. Þekking og reynsla af starfi með fötludum 18 ára og eldri er æskileg. Gert er ráð fyrir að þeir sem verða ráðnir sækji þjálfunarnámskeið um matsaðferðina og fái leiðsögn og handleiðslu meðan á verkefninu stendur.

Um er að ræða sérlega áhugavert verkefni fyrir fagfólk með þekkingu og reynslu af þjónustu við fatlað fólk og áhuga á framþróun málaflokks fatlaðra hér á landi.

Upplýsingar um starf og starfskjör veitir Tryggvi Sigurðsson, sviðsstjóri á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, í síma 510 8400 eða í tölvupósti tryggvi@greining.is

Umsóknarfrestur er til **8. mars** og skal umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skilað til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Digranesvegi 5, 200 Kópavogi, eða í tölvupósti tryggvi@greining.is.



FÉLAGS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



12. febrúar

Atlas Copco

Þjónusta við loftpressur

Sindri leitar að starfsmanni til að þjónusta og selja Atlas Copco loftpressur og tengdan búnað. Starfið felur einnig í sér tækniráðgjöf og áframhaldandi uppbyggingu þjónustusviðs Sindra.



Sindri er verslunar- & þjónustufyrirtæki á sviði byggingalausna, festingarvara, véla og verkfæra. Fyrirtækið var stofnað árið 1959 og er hluti af Johan Rönning sem rekur, auk Sindra, verslunar- & þjónustufyrirtækin Johan Rönning, Rönning og Hebron. Hjá félaginu starfa 65 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, á Akureyri og Selfossi. Johan Rönning er þekktur fyrir að vera góður og eftirsóttur vinnustaður.

Byggingadeild | Verslanir | Véladeild | Þjónustudeild

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og nákvæmni
- Öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð ensku- eða sænskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur

Menntun:

Vélfræðingur og/eða vélvirki með þekkingu á rafmagni og iðntölvum.

Upplýsingar um starfið veitir Ottó Ólafur Gunnarsson í síma 575 0000 eða oog@sindri.is. Umsóknum skal skilað fyrir **3. mars**.

Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu og stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla, sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Jafnframt eru stundaðar hagnýtar rannsóknir og unnið að tæknipróun á sviði framleiðslu, ferla, orku, bygg- inga og mannvirkja.

Ímpra er annað kjarnasviða Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Ímpra veitir upplýsingar og stuðning í tengslum við viðskiptahugmyndir og stofnun og rekstur fyrir- tækja. Á vegum Ímpru er rekinn fjöldi verkefna með áherslu á nýsköpun, þekkingu og uppbyggingu frum- kvöðlastarfs.

Ímpra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands Verkefnisstjóri á Húsavík

Starfssvið

- Móta og vinna hugmyndir að nýjum þróunarverkefnum
- Umsjón með framkvæmd, þróun og eftirfylgni verkefna
- Greining á nýtingarmöguleikum orkuauðlinda með áherslu á jarðvarma
- Samstarfsverkefni með innlendum og erlendum fyrir- tækjum og háskólum
- Fjármögnun verkefna og sókn í innlenda og erlenda samkeppnissjóði
- Verkefnisstjórnun á sviði klasasamstarfs
- Verkefni á sviði ferðaþjónustu og heilsutengdrar ferðaþjónustu í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga
- Vinna við stuðningsverkefni Ímpru
- Handleiðsla frumkvöðla og fyrirtækja

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, tæknifræði, viðskipta, stjórnunar eða á sambærilegu sviði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af íslensku atvinnulífi
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Frumkvæði og dugnaður
- Færni í töluðu og rituðu máli

Upplýsingar um starfið veitir **Sólveig Sigurgeirsdóttir**, solveig@nmi.is og í síma **522 9492**.

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum.

Umsóknum skal skila fyrir **19. október** n.k. merktum:

Ímpra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Keldnaholti, 112 Reykjavík



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Keldnaholti, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • Fax 522 9111 • www.nmi.is

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS





KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

NÝR UMSÓKNAVEFUR
á www.kopavogur.is

Smáraskóli

• Dönskukennsla vegna fæðingarorlofs

Lindaskóli

• Dægradvöl, 50% starf

Sundlaug Kópavogs

• Baðverðir kvenna

Bæjarskrifstofur

• Þrif og eldhús, dagvinna, ný störf

Nánari upplýsingar á nýjum umsóknavef:

www.kopavogur.is

Stærri og betri VAKA
óskar eftir starfsmanni
í úrvinnslu bíla

Við úrvinnslu bíla eru öll spilliefni losuð á viður-
kenndan hátt og nothæfir bílapartar teknir úr.

Hæfniskröfur:

- Íslenskukunnátta.
- Gott viðmót og áhugi að bæta sig í starfi.
- Öguð vinnubrögð.
- Stundvísi og snyrtimennska.

Aðeins reyklusir einstaklingar koma til greina í starfið.

VAKA er eitt fjölhæfasta bílþjónustufyrirtæki landsins og
er í örum vexti. Félagið rekur öflugt dekkjaverkstæði,
viðgerðaverkstæði, bílapartasölu, dráttarbílaþjónustu og
úrvinnslu bíla auk þess að vera með uppboð á vegum
sýslumanna. VAKA er nýflutt í glæsilega aðstöðu að
Skútuvogi 8 þar sem öll starfsemi félagsins fer fram.

Áhugasamir geta sótt um starfið á heimasíðu félagsins,
www.vakahf.is eða sent póst á starf@vakahf.is

VAKA

Á VERÐI FYRIR ÞIG



Fisktækniskólinn

Icelandic College of Fisheries



Verkefnastjóri

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Fisktækniskólinn
óska eftir að ráða verkefnastjóra með aðstöðu í Grindavík í
fullt starf.

Meðal verkefna:

- Ráðgjöf og þjálfun
- Skipuleggja námskeið
- Aðstoða fyrirtæki við að útbúa námskeið
- Mat á raunfærni
- Ýmis verkefni tengd menntun og þjálfun í sjávarútvegi
- Ýmis önnur verkefni samkvæmt samkomulagi

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun
- Gjarnan þekking á sjávarútvegi og vinnslu sjávarafurða
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er sjálfseignastofnun
sem hefur sem markmið að efla endur- og símenntun á
Suðurnesjum. Miðstöðin skal leitast við að greina þarfir
fyrir fræðslu á þjónustusvæði sínu og einbeita sér jafnt að
atvinnulífinu sem og einstaklingum.

Fisktækniskólinn er samstarfsverkefni fræðsluaðila á
Suðurnesjum, sveitarfélaga, fyrirtækja í sjávarútvegi og
stéttarfélaga og hefur að markmiði að efla og styrkja
grunnmenntun á sviði veiða, vinnslu og fiskeldi.

Umsóknarfrestur um starfið er til 24. febrúar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Jón Arnbjörnsson,
í síma 8946046 og einnig má senda inn fyrirspurn/umsókn
á netfang olijon@fss.is



Liðsmenn óskast

N1 óskar eftir að ráða vaktstjóra og almenna starfsmenn
á næturvaktir í Háholti, Mosfellsbæ.

Vaktstjórar

Hæfniskröfur:

- Samskiptafærni
- Þjónustulund
- Stundvísi og reglusemi
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Stjórnun starfsmanna á vaktinni
- Vaktauppgjör
- Áfylling og þrif
- Önnur tilfallandi verkefni

Almennir starfsmenn

Hæfniskröfur:

- Samskiptafærni
- Þjónustulund
- Stundvísi og reglusemi
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Áfylling og þrif
- Önnur tilfallandi verkefni

Nánari upplýsingar veitir Grétar Örn Sigurðsson, stöðvarstjóri, í síma 566 6750.
Áhugasamir geta sótt um starfið á www.n1.is eða sent tölvupóst á atvinna@n1.is.

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS





Jobb i Norge for skandinavisk-
talende sykepleiere!

Walldén Bemanning AS søker kreative og eventyr-
lystne sykepleiere og hjelpepleiere.

Walldén
Bemanning AS

Haakon VII's gt. 27
7041 Trondheim
Norge

Telefon: +47 73 90 18 00
Telefaks: +47 73 90 18 01
E-post: tommy@wbas.no

Walldén Bemanning AS er lokalisert i Trondheim,
Norge. Vi rekrutterer norske og utenlandske sykepleiere
og hjelpepleiere for fast jobb og sesongarbeid (som-
mer, jul og påske) i Norge. Vi tilbyr gode betingelser,
kreativt arbeidsmiljø og nye utfordringer for Skandi-
navisktalende (Norsk, Svensk eller Dansk) sykepleiere
og hjelpepleiere. Alle gjennomgår en lønnet praksispe-
riode for oppgradering og finpuss av språk.
I tillegg til norsk tarifflønn dekker vi jevnlig reiser
mellom hjemland og oppdragssted og bolig i Norge,
inkl. elektrisitet og internett etc.

Vil du vite mer?
Ta kontakt med oss på telefon eller mail.
Vår kontaktperson er Tommy Iversen.
Tlf: +47 922 64 983, mail: tommy@wbas.no

www.vinna.is

 vinna.is
sími: 511 1144

Hefur þú brennandi áhuga á tísku og fólki?

Þekkt tiskuvöruverslun leitar eftir öflugum og hressum konum í góðan hóp starfsmanna.

Starfssvið:

- Þjónusta, sala og ráðgjöf til viðskiptavina.

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Afburða þjónustulund
- Góðir söluhæfileikar
- Áhugi á tísku, fólki og fatnaði
- Heiðarleiki, snyrtimennska og metnaður í starfi

Áhugasamir sendið ferilskrá, mynd og kynningarbréf á tiskuverslunin@gmail.com fyrir 27. febrúar.



MegaStore
Allar vörur eitt verð

Markaðsstjóri hjá MegaStore

Við óskum eftir hressum aðila (konu eða karli) í 50-100% starf til að annast markaðsmál hjá fyrirtækinu.

Umsækjandinn þarf að vera hugmyndaríkur og nýjungagjarn. Hann þarf að geta unnið sjálfstætt, geta séð um uppsetningu á einföldu kynningarefni og skipulagt viðburði í verslunum MegaStore.

Viðkomandi þarf að geta byrjað sem allra fyrst.

Frekari upplýsingar fást í síma: **660-5400, Halla Rut**

Áhugasamir sendið inn umsókn á netfang **halla@megastore.is** ásamt ferilskrá og launakröfum.



Vörustjóri (Logistics Manager)

Bláa Lónið hf. óskar eftir að ráða vörustjóra

Umræddur aðili þarf að búa yfir jákvæðu viðhorfi, vera reiðubúinn að axla ábyrgð og takast á við krefjandi verkefni í spennandi alþjóðlegu umhverfi.

Starfssvið:

- Innkaup og birgðastýring Blue Lagoon húðvara
- Eftirlit með veltuhraða, birgðaverðmætum, aldursgreiningu birgða og gerð birgðaskýrsla
- Gerð framleiðsluáætlana og stjórnun pantanaferla
- Skipulagning og umsjón flutninga/dreifingar
- Umsjón með birgðaskráningarkerfi
- Eftirlit, samskipti og samningagerð við birgja, endursöluaðila, flutningsaðila og vöruhús Bláa Lónsins hér heima og erlendis

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, reynsla af vörustjórnun nauðsynleg
- Greiningarhæfni, góð tölvukunnátta og þekking á Navision er kostur
- Góð enskukunnátta, bæði í ræðu og riti
- Góðir samskiptahæfileikar, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar

Umsækjendur eru beðnir um að senda inn umsókn ásamt ferilsskrá á netfangið **eyrun@bluelagoon.is**

Bláa Lónið er reyklaus vinnustaður.



Sölumaður

Óskum eftir duglegum sölumanni í rekstrarvöruafgreiðslu okkar.

Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf.

Starfslýsing:

- Móttaka viðskiptavina og sala á vörum í verslun.
- Símsvörun og sala í gegnum síma.
- Umsjón á verslun, vörum og verðmerkingum.
- Útskrift pantana úr vefverslun og umsjón á henni.
- Umsjón með stimplapöntunum og frágangur stimpla.
- Önnur tilfallandi störf.

Umsóknir sendist í tölvupósti á: vinna@pmt.is

 Krókhálsi 1 • 110 Rvk • www.pmt.is



JÓN & ÓSKAR
Laugavegur / Smáralind / Kringlan

Okkur vantar starfsfólk í úra- og skartgripaverslunum okkar.

Í boði er:

- Hlutastarf með dag- og/eða helgarvöktum
- Vinna í líflugu umhverfi með skemmtilega vöru

Hæfniskröfur:

- Þjónustulund
- Heiðarleiki í starfi
- Samviskusemi
- Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg

Jón og Óskar er ein glæsilegasta úra- og skartgripa- verslun landsins og rekur verslanir við Laugaveg í Smáralind og Kringlunni.

Umsókn ásamt ferilskrá óskast send á netfangið **jonogoskar@jonogoskar.is**



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Sérfræðingur á skrifstofu yfirstjórnar

Heilbrigðisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu yfirstjórnar ráðuneytisins

Starfssvið: Starfið felst í sérfræðivinnu á skrifstofu yfirstjórnar, m.a. upplýsingamiðlun, afgreiðslu erinda, gagna- og tölvuvinnslu, umsjón með fundum og skipulagningu funda, ritun fundargerða og önnur verkefni sem undir skrifstofuna og ráðuneytið heyrir.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun sem nýtist í stafi eða sambærileg menntun. Gerð er krafa um mjög góða tölvukunnáttu, góða íslenskukunnáttu, góða enskukunnáttu og kunnáttu í einu öðru Norðurlandamáli. Nauðsynlegt er að umsækjandi búi yfir hæfni í mannlegum samskiptum og geti unnið undir álagi. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, vera skipulagður í vinnubrögðum, metnaðarfullur, geta sýnt frumkvæði og eiga auðvelt með að tileinka sér nýjungar í starfi. Þá er æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu af starfsemi og rekstri ríkisstofnana og þekkingu á stjórnsýslunni.

Um er að ræða fullt starf og eru launakjör samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Konur, jafnt sem karlar, eru hvött til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veita Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri (berglind.asgeirsdottir@hbr.stjr.is) og Sigurjón Ingi Haraldsson, skrifstofustjóri (sigurjon.ingi.haraldsson@hbr.stjr.is).

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil sendist heilbrigðisráðuneytinu, Vegmúla 3, 150 Reykjavík eða á postur@hbr.stjr.is eigi síðar en 8. mars 2010.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



Yfirproskapjálfi

Óskað er eftir yfirproskapjálfa í 100 % stöðu að sambýlinu Trönuhólum 1.

Á samýlinu búa 5 einstaklingar með einhverfu, á aldrinum 19 til 40 ára. **Staðan veitist frá 1. apríl eða eftir samkomulagi.** Nú er bæði um íbúðasambýli og herbergjasambýli að ræða í Trönuhólum 1. Stefnan er að öllum íbúum standi til boða íbúðir. Þess vegna er mikil, krefjandi og skemmtileg vinna framundan. Nýr yfirproskapjálfi mun hafa yfirumsjón með skipulagningu á innra starfi staðarins.

Helstu verkefni

- Símtótn og uppbygging á innra skipulagi sambýlisins
- Staðgengill og aðstoðarmaður forstöðumanns
- Ábyrgð á innra skipulagi heimilisins í samráði við forstöðumann

Hæfniskröfur

- Proskapjálfamenntun
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- Þekking og reynsla af vinnu með einhverfum
- Hæfni til að vinna undir álagi
- Þekking í skipulögðum og samræmdum vinnubrögðum

Nánari upplýsingar gefa Friðrik Atlason í síma 557-9760/867-4738, netfang:fridrik@ssr.is, og Ingbjörg Elín í síma 577-9760, netfang: ingbjorge@ssr.is

Launakjör eru samkvæmt samningum ríkisins og Þ.Í. Unnt er að sækja um á www.ssr.is

Umsóknarfrestur er til og með 7. mars 2010.

Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun



Forstöðumaður Bókasafns Árborgar

Selfossi, Stokkseyri, Eyrarbakka

Fjölskyldumiðstöð Sveitarfélagsins Árborgar auglýsir stöðu forstöðumanns Bókasafns Árborgar lausa til umsóknar. Bókasafn Árborgar er staðsett á Selfossi og safnaútibú eru á Stokkseyri og Eyrarbakka. Á safninu á Selfossi er upplýsingamiðstöð yfir sumartímann.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Stjórn og ábyrgð á daglegum rekstri, starfi og fjármálum safnsins
- Stjórn og ábyrgð á starfsmannamálum safnsins
- Vinna við gerð fjárhagsáætlunar í samvinnu við næsta yfirmann
- Þátttaka í stefnumótun og samvinna við stofnanir á sviðinu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærilegt nám
- Reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Þekking á tölvum og upplýsingaveitum tengdum bókasöfnum æskileg
- Sjálfstæði í starfi, frumkvæði og skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Laun eru samkvæmt samningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til Andrésar Sigurvínssonar, verkefnisstjóra, Fjölskyldumiðstöð Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfossi, merkt forstöðumaður Bókasafns Árborgar, eigi síðar en 8. mars nk. eða með tölvupósti andres@arborg.is

Karlar eru hvattir til að sækja um starfið jafnt sem konur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét I. Ásgeirsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Árborgar, netfang maras@arborg.is eða í síma 480 1980 og/eða Andrés Sigurvínsson, verkefnisstjóri íþróttar-, forvarna- og menningarmála, netfang andres@arborg.is, eða í síma 480-1900.

Fjölskyldumiðstöð Árborgar veitir íbúum sveitarfélagsins þjónustu á sviði félags-, fræðslu-, íþróttar-, forvarna- og menningarmála með það að markmiði að efla velferðarþjónustu sveitarfélagsins og skapa fjölskylduvænt samfélag. Umsækjendum er bent á að kynna sér heimasíðu sveitarfélagsins, <http://www.arborg.is>, þar sem finna má margvíslegar upplýsingar um þjónustu og stefnu sveitarfélagsins í málaflokkum sem tengjast fjölskyldunni með einum eða öðrum hætti. Á heimasíðunni er einnig að finna upplýsingar um fjölbreytta starfsemi Bókasafns Árborgar, s.s., barnastarf og bókasöfnin á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Til leigu

Verslunarhúsnæði til leigu við Laugaveg 83 Stærð 140 m2
Upplýsingar í síma 693 0203

Fundir

Aðalfundur ICEPRO 2010

Aðalfundur ICEPRO verður haldinn í Skála (Yale) á Hótel Sögu, mánudaginn 22. febrúar og hefst hann kl. 12:00.
Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra flytur ávarp og afhendir EDI-bikarinn, því fyrirtæki eða stofnun sem skarað hefur fram úr í rafrænum viðskiptum á liðnu ári. Þetta er í fjórtánda sinn sem bikarinn er afhentur.
Þórólfur Árnason stjórnarformaður FLUG-KEF ohf. flytur ræðuna: Burt með vasabókhald og skúffupeninga – nýtum rafræna reikninga til að efla gagnsæ vinnubrögð.
Síðan taka við hefðbundin aðalfundarstörf.

Félagsfundur

Félagsfundur Sjálfsbjargar félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu verður haldinn þriðjudaginn 23. febrúar kl. 20:00 í félagsheimili Sjálfsbjargar, Hátúni 12.

Fundarefni: “Upphaf notendastýrðrar þjónustu á Íslandi”

Freyja Haraldsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir munu flytja fyrirlestur um hugmyndafræði sjálfstæðs lífs og nýjustu niðurstöður íslenskra rannsókna á upplifun fatlaðs fólks af hefðbundnu þjónustukerfi og reynslu fatlaðs fólks af notkun beingreiðslna.

Almennar umræður og fyrirspurnir að fyrirlestri loknum.

Allir velkomnir - Fjölmennum

Stjórnin



Svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs boðar til kynningarfunda um drög að verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð

Undanfarna mánuði hefur staðið yfir vinna við gerð verndaráætlunar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Efni hennar er fjölþætt og tekur jafnt til verndunar og nýtingar á því landi sem tilheyrir þjóðgarðinum.

Fundirnir verða haldnir sem hér segir:
Þriðjudaginn 23. febrúar í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri
Miðvikudaginn 3. mars í Tunguseli, Skaftártungu
Fimmtudaginn 4. mars á Laugalandi í Holtum

Fundirnir hefjast klukkan 20:00.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Kirkjubæjarstofu, www.kbkl.is



Háskólaásetrið á Hornafirði



Auglýsingasími

512 54 01



Allt sem þú þarft...



Listskreytingasjóður ríkisins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum árið 2010.

Umsóknareyðublað og allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu sjóðsins: www.listskreytingasjodur.is og í síma 551 1346.

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2010.

Tilboð óskast



Tilboð óskast

Tilboð óskast í hestakerru 5 til 6 hesta, árgerð 2008, smíðuð á Íslandi Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (útboð tjónabíla) í síðasta lagi kl 07.00 að morgni 23. feb. 2010. Kerran er til sýnis í Tjónaskoðunarstöð TM, Hamarshöfða 2 110 Reykjavík á opnunartíma (frá 8.30 til 16.30 virka daga)

Einnig er bent á Sölutorg TM http://www.tryggingamidstodin.is/solutorg en þar eru til sölu bifreiðar og munir í eigu félagsins.



Jólaskraut - vorið nálgastr

Vorhreinsun er hafin í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Kópavogskirkjugarði og Hólavallagarði við Suðurgötu. Þeir aðstandendur, sem settu jólaskraut á leiði eru hvattir til að koma í garðana og huga að leiðum ástvina sinna. Fjarlægja jólaskraut af leiðum og léttu undir með starfsmönnum Kirkjugarðanna og koma í veg fyrir að eigulegt skraut lendi í glatkistunni.

Tökum öll höndum saman! Garðyrkjudeild Kirkjugarðanna



Konudagurinn á Hallveigarstöðum

Bandalag kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands bjóða til kaffifundar á Hallveigarstöðum, sunnudaginn 21. febrúar kl. 15.00-17.00

Dagskrá:
• Kynning á áttakinu Öðlingurinn (www.odlingurinn.is)
• Kvennafridagurinn 25. október 2010: Helga Guðrún Jónasdóttir, varaformaður KRFÍ
• Húfuverkefni Kvenfélagasambands Íslands: Sigurlaug Viborg, forseti KÍ og Guðrún Eggertsdóttir, yfirljósmóðir á LSH kynna
• Útígangsfólk í Reykjavík: Helga Þórey Björnsdóttir mannfraeðingur kynnrir rannsókn sína

Fundarstjóri: Margrét K. Sverrisdóttir, formaður KRFÍ

Allir velkomnir

Stuðningshópur FEF fyrir ungar verðandi mæður

Verkefnið Meðganga Móðir Barn hóf göngu sína árið 2007. Þriðji hópurinn byrjar 4. mars n.k. og er fyrir verðandi mæður á aldrinum 15 til 35 ára.

Boðið er upp á fræðslu og stuðning í notalegu umhverfi þátttakendum að kostnaðarlausu. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum þá hafðu samband við skrifstofu Félags einstæðra foreldra s. 55 11 8 22 eða sendu póst á tölvupóstfangið oktavia@fef.is

Skiptastjóri þrotabús FS 14 ehf. (áður Íshlutir ehf.)

óskar eftir tilboðum í eignir þrotabúsins. Um er að ræða fasteign, vörubirgðir, tæki, tól, áhöld og skrifstofubúnað.

Nánari upplýsingar veitir skiptastjóri Guðmundína Ragnarsdóttir, hdl. s: 515-7900 eða guðmundina@kollekta.is.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu skiptastjóra að Suður-landsbraut 30, 5. hæð, 108 Reykjavík, fyrir kl. 12:00 föstudaginn 26. febrúar 2010.

Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs

Samkvæmt 32. gr. laga Félags íslenskra rafvirkja skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.

Með hliðsjón að framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12.00 föstudaginn 19. mars 2010 og ber að skila tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.

Hverjum framboðslista skulu fylgja skrifleg meðmæli minnst 154 fullgildra félagsmanna

Reykjavík 20. febrúar 2010.

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

Útboð

Faxaflóahafnir sf. og húsfélagið Grandagarði 8 óska eftir tilboðum í verkið:

Grandagarður 8 gatna- og lóðarframkvæmd.

Verkið felst í endurgerð á gangstétt, bílastæðum ofl. við Grandagarð 8. Helstu verkþættir eru hellulagnir, malbikun, raflýsing, fráveitu- og snjó-bræðslulagnir ásamt tengingu á snjóbæðslu og raflýsingu inni í húsnæðinu. Verklok eru 1. júní 2010.

Magntölur eru helstar:

• Upprif á svæðum	1.160 m ²
• Hellulagnir	850 m ²
• Malbikun, 6 cm.	360 m ²
• Snjóbrædd svæði	650 m ²
• Frárennslislagnir	100 m.
• Ljósamöstur, og ljósaklakkar	20 stk

Útboðsgögnin verða seld hjá Verkfræðistofunni Hnit h.f., Háaleitisbraut 58–60, 108 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 23. febrúar n.k. á 5.000 kr. hvert eintak.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Faxaflóahafna sf., Tryggvagötu 17, á 4. hæð, í síðasta lagi þriðjudaginn 9. mars 2010, fyrir klukkan 11:00.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Faxaflóahafna sf. þriðjudaginn 9. mars 2010, klukkan 11:00.



VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

HAMRAKÓR 10 KÓP – FRÁB. KAUP.
Opið hús Laugard. og Sunnud.kl 13-14

Opið hús

Sýnum þetta vandaða 228.5 fm einbýlis/tengihús á fallegum útsýnisstað. Að innan er húsið tilb. til innréttinga og sandspartlað. Neðri hæð: Anddyri, innangengt í bílskúr sem er tvöfaldur. Hol, 2 svefnherbergi, þvottahús og baðherbergi, útgengið. Efri hæð. Stofa og eldhús eitt stórt rými 48,1 fm og útgengið úr borðstofu á 11,6 fm svalir. 2 svefnherbergi og baðherbergi. Áhvalandi: 21,8 millj. Íbúðalánasjóður. gr.byrdi ca 100 þús. pr. mán. Verð aðeins 36,5 m. Bárður 896-5221 og Þórarinn 844-6353

Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

FOLD
FASTEIGNASALA
Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00
Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is

Opið hús

Hulduland 11- jarðhæð með garði
OPIÐ HÚS MILLI KL. 17 OG 18 Á SUNNUDAG. VERIÐ VELKOMIN!
Björt og falleg íbúð á þessum vinsæla stað í Fossvogi. Stór og góð stofa og tvö svefnherbergi. Sérlega góður afgirtur sérgarður með stórrí timberverönd. Verð 23,8 millj. Nánari upplýsingar veitir Einar Guðmundsson löggiltur fasteignasali s. 896-8767

Víðar Böðvarsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

Fagrahæð 3- Garðabæ
Opið hús í dag 14.00-15.00

Opið hús

Til sýnis og sölu þetta glæsilega einbýlishús á einni hæð. Húsið er mjög vandað og er með sérsníðnum innréttingum og glæsilegum tækjum. Góður garður með garðstofu og heitum potti.

Möguleiki á skipti á minni eign. Eign í sérflokki.
Verð 69,8 millj. Opið hús í dag á milli kl.2-3.
Björn sýnir : s: 7719432.

Síðumúli 30
105 Reykjavík
TIL LEIGU - SÍÐUMÚLI 30, REYKJAVÍK

Stærð: 4421 fm
Fjöldi herbergja: 0
Byggingarár: 1972
Brunabótamat: 0

FRÁBÆRT LEIGUHÚSNÆÐI Verð: 0

TIL LEIGU -- GLÆSILEGT, MIKIÐ ENDURNÝJAÐ 4421 FERMETRA VERSLUNAR OG SKRIFSTOFU HÚSNÆÐI Á TVEIMUR HÆÐUM VIÐ SÍÐUMÚLA 30 Í RVÍK. FRÁBÆR STAÐSETNING FYRIR VERSLUN, SPILAVÍTI EÐA HVAÐ SEM ER.. EINNIG HÆGT AD LEIGJA HÚSNÆÐI ÚT Í TVEIM HLUTUM..

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFUR: GUNNAR Í SÍMA 822 3702 eða gv@remax.is

RE/MAX Lind - Bæjarlind 4 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

RE/MAX
Lind

Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
822 3702
gv@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarin@remax.is

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG
569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

**Einbýli - Langtímaleiga
- Erlendur aðili**

Óskum eftir glæsilegu einbýlishúsi til leigu fyrir erlendan aðila. Leiguverð má vera allt að 2.500 evrur á mánuði fyrir rétta eign.

ALLT
Á FERÐINNI
Miðvikudaga

Sölufulltrúi:
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavininn okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



EIGNAMIÐLUN
Reykjavík



Sverrir Kristjánsson
Eig., fasteignisali

Frá 1957

Ekki varfærð fasteignisala landið

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

Sævangur 47

- tvær íbúðir

Opið hús



Stórt og mikið samtals 339,5 fm einbýlishús með rúmgóðri aukaíbúð á jarðhæð. Á aðalhæðinni eru 4-5 svefnherbergi og 2-3 stofur. arinn í stofu. Tvöfaldur bílskúr. Um er að ræða steipt einbýlishús á tveimur hæðum. V. 57,9 m. Allar nánari upplýsingar veitir Magnús Geir Pálsson í síma 892-3686. **OPIÐ HÚS Í MÁNUDAG FRÁ KL. 17:00 - 18:00**

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA

F A S T E I G N A S A L A N

MIKLABORG

569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

Einbýli til leigu óskast:

Óskum eftir einbýli/ raðhúsi með bílskúr til langtímaleigu, helst í Árbæ eða nágrenni. Allar eignir skoðaðar.

Nánari upplýsingar veitir Elín Viðarsdóttir löggiltur fasteignisali í síma 695-8905.

Til sölu

Vesturgata 6-8 & 10-10a



Tilboð óskast í heildareignina c.a. 1500m² Hagstæð langtímalán með 5.5% föstum vöxtum geta fylgt.

Upplýsingar veitir Aron í s. 861 3889 aronpk@gmail.com

Blaðberinn

bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

TIL LEIGU

Laugavegur 182
105 Reykjavík

SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI – FRÁBÆR STAÐSETNING

Um er að ræða 733m² skrifstofuhúsnæði á þriðju hæð á einum besta stað í Reykjavík. Hæðin skiptist í móttöku, skrifstofur, tvö fundarherbergi, eldhús og tvö opin vinnurými. Steinteppi er á gólfum. Hægt er að skipta húsnæðinu í minni einingar. Við aðstoðum þig við að aðlaga húsnæðið að þörfum þíns fyrirtækis. Möguleiki á bílastæðum í lokaðri bílageymslu. Glæsilegt útsýni.

JÓNSSON & LE' MACKS • JLLS



Húsið að Laugavegi 182 er vel staðsett og er jafnframt eitt af kennileitum borgarinnar



Inngangur einnig á bakhlíð



Opið og bjart vinnurými

Frekari upplýsingar veitir

Halldór Jensson

840 2100 – halldor@reitir.is

www.reitir.is



: REITIR
Fasteignafélag

Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.



RE/MAX®

Framúrskarandi sölufulltrúar – framúrskarandi árangur.

Enginn í heiminum selur fleiri fasteignir en RE/MAX

Heimilisfang Lyngdalur 8.
190 Vogum
Stórglæsilegt einbýli í Vogum

Stærð: 242 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2006
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já

Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
770 4040
gylfi@remax.is

Bókið skoðun s. 7704040

Verð: 44.900.000

Stórglæsilegt hús til sölu í Vogum Vatnsleysuströnd. (Lyngdalur 8) Húsið er staðsett í botngötu og í útjaðri bæjarins og er með náttúruna í bakgarðinum. Í húsinu eru 5 svefnherbergi, 2 baðherbergi og 2 stofur og sjónvarpshol. Einnig er rúmgóð forstofa, sólstofa, þvottahús og bílskúr með góðu geymslu lofti. Hiti er í öllum gölfum og um allt húsið eru góðar tengingar fyrir internet og sjónvarp. Ath ýmis skipti koma til greina upplýsingar í s. 7704040

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Bæjarlind 4 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

Heimilisfang Hringbraut 90.
107 Reykjavík
Íbúðin er laus

Stærð: 73,1 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1931
Brunabótamat: 13.150.000

Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
770 4040
gylfi@remax.is

Laugardaginn 20/2 milli kl 16-16.30

Verð: 15.900.000

RE/MAX LIND og Gylfi kynna fallega og nokkuð endurnýjaða íbúð við Hringbraut 90. Húsið hefur verið haldið vel til og var þak tekið í gegn fyrir nokkrum árum, einnig er búið að taka glugga í gegn. Nýleg teppi eru á sameign og gangar nýlega málaðir. Þetta er tilvalin sem fyrsta eign. Gott skipulag er á íbúðinni og nýtið hun mjög vel. Upplýsingar í s. 7704040 eða gylfi@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Bæjarlind 4 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

Kiðjaberg
801 Selfoss
Glæsilegt sumarhús í Kiðjabergi

Stærð: 103 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2010
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já

Bergur Steingrímsson
Sölufulltrúi
8966751
bergurst@remax.is

Rúmlega fókelt í dag

Verð: 0

Mjög fallegt sumarhús í landi Kiðjabergs, einstök staðsetning innst í botnlanga með óheftu útsýni. Húsið er 103fm timburhús, með steiptum sökklum, gólfplötu, strompi og innveggjum. Lagir steypjar í plötu. Vernd allan hringinn með þaki yfir. Bílskúr, tvö baðherbergi með sturtu. Mahogny gluggar og hurðir ásamt ál rennihurðum. Hurðir út úr öllum herbergjum. Seljandi óskar eftir tilboði í eignina. Húsið er rúmlega fókelt í dag. Uppl. gefur Bergur Steingrímsson s. 896 6751, bergurst@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Bæjarlind 4 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

Berjabraut 12
270 Mosfellsbær
Glæsilegur bústaður við Berjabraut

Stærð: 83,2 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2005
Brunabótamat: 23.850.000

Bergur Steingrímsson
Sölufulltrúi
8966751
bergurst@remax.is

Opið hús sunnudag kl. 14.00-14.30

Verð: 15.900.000

Einn glæsilegasti bústaðurinn við Berjabraut í Kjósí (í landi Háls). Nýtt og vandað 83,2fm heilsárhús á tveimur hæðum. Fallegt hús og mikil lofthæð í stofu. Gólfplata er steyp með hita í. Húsið er um 67fm að grunnfleti, með 16fm svefnloft/setustofu og góðum palli. Auðvelt er að bæta við svefnherbergjum á efri hæð ef áhugi er fyrir hendi. Mjög veðursæll staður og einstakt útsýni yfir Hvalfjörðinn. Allar frekari upplýsingar gefur Bergur Steingrímsson s. 896 6751 eða bergurst@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Bæjarlind 4 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

Naustabryggja 5
110 Reykjavík
Til sölu glæsileg þakíbúð

Stærð: 125,6 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2002
Brunabótamat: 32.610.000

Kristín Reynisdóttir
Sölufulltrúi
822 6800
kristinn@remax.is

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Opið hús sunnudag milli 15.00-16.00

Verð: 27.600.000

RE/MAX SENTER KYNIR: Glæsilega íbúð á tveimur hæðum í bryggjuhverfinu við Grafarvog. Íbúðin er á tveimur efstu hæðum hússins. Íbúðinni fylgir stæði í lokðari bílageymslu. Íbúðin skiptist þannig, á neðri hæð er eldhús, stofa, forstofa, tvö svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Á efri hæðinni er svefnherbergi, baðherbergi, sjónvarpsstofa. Geymsla í kjallara. Mikil lofthæð er í íbúðinni. Fallegt útsýni, vestur svalir. Nánari lýsing: Gengið er upp á þriðju hæð þar sem inngangur er í íbúðina. Komid er inn í flísagat anddyri. Eldhúsið er opið og rúmgott. Svalir eru út frá eldhúsinu á neðri hæðinni. Stofan er rúmgóð með mikla lofthæð. Baðherbergið er með baðkari og innréttingu. Þvottahús er á neðri hæðinni. Parket er á gölfum stofunnar og herbergjanna en flísar á öðrum gölfum. Gengið er upp stiga upp á efri hæðina. Á efri hæðinni er sjónvarpshol svefn/skrifstofuherbergi og baðherbergi með sturtu. Falleg íbúð með mikla lofthæð á rölegum stað. Allar upplýsingar gefur Kristín í síma 822-6800

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Laugavegur 40
101 Reykjavík
Til sölu þakíbúð í hjarta miðbæjar

Stærð: 78,1 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 19.400.000

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Opið hús á sunnudag kl 14.00 - 15.00

Verð: 28.500.000

RE/MAX SENTER kynir til sölu 78,1 fm 2ja herbergja glæsileg íbúð á tveimur hæðum í nýlegu húsi við laugaveg, íbúðin skiptist í anddyri, stofu/eldhús, svefnherbergi, baðherbergi og sér geymslu. Glæsilegt útsýni er úr íbúð.

Nánari lýsing: Við inngang er anddyri, þar er eikarparket, rúmgott baðherbergi með sturtuklefa sem er lagður mosaikflisum og með glerhurð, aðrir veggir eru málaðir, upphengt salerni, hvít innrétting er á baði. Stofa er með mikilli lofthæð, eikarperket er á gólf, úr stofu er gengið út á svalir sem snúa að laugavegi, tvöföld hurð er út á svalir. Eldhús er opið í stofu, innrétting er hvítlökkuð með granitborðplötu og granit á milli skápa, helluborði, bakaraofni og vaski. Góður stigi er upp á efri hæð, þar er eitt svefnherbergi sem er lagt eikarparketi, einnig eru góðir skápar, úr svefnherbergi er gengið út á stórar suður svalir, þar er heitur pottur og mikið útsýni. Allar upplýsingar veitir Óskar í síma 773-6720

Enginn í heiminum selur fleiri fasteignir en RE/MAX